

Þórður Arason¹ og Haraldur Ólafsson²

1) Veðurstofu Íslands

2) Háskóla Íslands og Veðurstofu Íslands

Kerfisbundnar villur í veðurspám

Bornar eru saman um 3000 48 klukkustunda spár fyrir vind og hita og mælingar á þessum veðurbáttum yfir Keflavíkurflugvelli. Almennt er furðu lítil skekkja í spánum og hún er aðeins að litlu leyti kerfisbundin svo augljóst sé. Þó má sjá að hita er spáð of lágum í 500 hPa síðla vetrar og eins að hvössum vindi í neðri loftlögum úr suðaustri og norðaustri er fremur illa spáð til samanburðar við hvassviðri af vestlægum áttum. Skekkja í vindáttarspá kemur fyrst og fremst fram þegar vindur er hægur.